

Ed.

140. Fyrirspurn

til fjármálaráðherra um skekkjur í bráðabirgðauppgerð á tekjum og gjöldum ríkissjóðs árið 1930.

Frá Jóni Þorlákssyni.

Hvernig stendur á því, að fjármálaráðherra hefir í bráðabirgðauppgerð þeirri á tekjum og gjöldum ríkissjóðs árið 1930, sem hann lagði fram við 1. umr. fjárlaganna í Nd. 21. f. m.:

1. Talið gjöld til vegamála og símamála samtals um 550 þús. kr. lægri en þau vitanlega voru orðin?
2. Undanfellt með öllu að telja gjaldamegin kostnaðinn við nokkrar verklegar framkvæmdir ríkissjóðs á árinu 1930, er virðast hafa kostað um 4½ millj. kr. samtals, þar á meðal fjárhæðir til byggingar sildarbræðslustöðvar, landsspítala, landssímastöðvar, útvarpsstöðvar og skrifstofubyggingar á Arnarhóli, svo og til kaupa á strandferðaskipinu »Súðin«?
3. Undanfellt einnig með öllu að telja til útgjalda það fé, sem varið var á árinu til kaupa á hlutabréfum í Útvegsbanka Íslands, þar á meðal sérstaklega 1½ millj. kr., sem beinlínis var borguð út vegna þessara hlutabréfakaupa? og
4. Talið tekjuafgang 81933 kr., í stað þess, að greiðsluhalli hefir orðið sjáanlega um eða yfir 6½ millj. kr., sem jafnaður hefir verið með lántökum?